

FUNDARGERÐ

73. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn þriðjudaginn 29. júní 2010, kl. 14:00, í húsnæði H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.

Fundinn sátu: Steinunn Helga Lárusdóttir, formaður, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Gretar L. Marinósson og Sigurlína Davíðsdóttir (sem ritaði fundargerð).

Tekið fyrir:

- 1. Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerðin samþykkt.
- 2. Stjórnin skipti með sér verkum og verður þannig skipuð:**
Formaður: Steinunn Helga Lárusdóttir
Ritari: Sigurlína Davíðsdóttir
Gjaldkeri: Svanhildur Kr. Sverrisdóttir
Meðstjórnandi: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson
Meðstjórnandi: Grétar L. Marinósson
Meðstjórnandi: Almar Halldórsson.
- 3. Ritstjórn TUM – nýr ritstjórnarfulltrúi.**
Stjórnin samþykkti að óska þess að Þorsteinn Helgason taki sæti í ritstjórn TUM.
- 4. Vefmál.**
Edda Kjartansdóttir hjá SRR kom á fundinn og upplýsti stjórnina um ýmsa hýsingarmöguleika fyrir vef FUM. Ákveðið hefur verið að flytja vefinn úr forritinu FrontPage í WordPress. Vefurinn er nú hýstur hjá SKÝRR og kostar 6.118 kr. á mánuði. Ef færa ætti vefinn í nýju forriti þangað, kostar sú uppsetning 50-60 þúsund krónur. Ýmsir ódýrari möguleikar á hýsingu og uppsetningu eru fyrir hendi, en til að fá örugga hýsingu og þjónustu var Edda falið að leita tilboðs hjá Reiknistofnun HÍ um þetta og að skrá vefinn hjá SRR.
- 5. Framkvæmdaáætlun næsta árs.**
Ákveðið var að halda áfram að bjóða félagsmönnum og öðrum upp á ýmiss konar námskeið að hausti eins og verið hefur. Formanni var falið að leita eftir samvinnu við Menntavísindasvið um gjald fyrir húsnæði. Ætti sú samvinna að ná til námskeiðanna og hugsanlega til málþings um rannsóknatengd málefni að vori.
- 6. Önnur mál**
 - Rætt var um birtingu fundargerða í ritstjórn TUM. Ákveðið var að birta fjöldatölur og samantektir um innsendar greinar, ritstjórnarferli og höfnun á greinum. Aðrar upplýsingar verða of persónugreinanlegar.
 - Gretar L. Marinósson sýndi nokkrar tillögur að nýrri kápu á TUM. Ákveðið var að greiða fyrir hönnun nýrrar kápu en fela ritstjórn tímaritsins endanlegt val á gerð hennar.
- 7. Næsti fundur verður boðaður að hausti.**

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30. SD